

Fulltrúaráðsfundur HRFÍ haldinn 31. mars 2015 kl. 20.00 í húsnæði félagsins að Síðumúla.

Mættir voru sautján fulltrúar frá fjórtán ræktunardeildum auk fjögurra stjórnarmanna HRFÍ.

Jóna setur fundinn. Dagskrá var send til allra formanna deilda þann 16 mars s.l. með tölvupósti.

Jóna gerði grein fyrir þeim breytingum að liðum 1 og 2 á dagskrá væru felldir niður og ástæðum þess. Ekki voru gerðar athugasemdir við það af hálfu fundarins.

Þá kynnti Jóna hverjir frambjóðendur til stjórnar HRFÍ væru. Eins var gerð grein fyrir að fyrirhugaður yrði næsti fulltrúaráðsfundur 20. apríl n.k en þá yrði frambjóðendum gefinn kostur að mæta og kynna sig.

Fulltrúar stjórnar kynntu starfsemi nefnda sem settar voru á laggirnar til að framfylgja stefnumarkmiðum HRFÍ. Herdís kynnti stöðu og starf einangrunarnefndarinnar. Jóna gerði grein fyrir starfi nefndar um samskipti við sveitarfélög og opinbera aðila. Guðmundur gerði grein fyrir starfi hóps um gagnagrunn HRFÍ fyrir heilsufarsupplýsingar og árangur. Sóley gerði grein fyrir starfi umfjöllunar- og kynninganefndar. Jóna upplýsti einnig um aðrar starfandi nefndir.

Sú ábending kom fram hjá Kristínu Olsen að framlenging skráningagjalda gegn aukagjaldi sem lenti á mánaðarmótum kæmi illa við félagsmenn.

Að sama skapi kom fram ábending um að með augnskoðunareyðublaði eigi ekki að fylgja aukablað um fyrri augnskoðanir. Augnskoðun eigi að vera ný skoðun, enda oft framkvæmd til að fá álit annars augnlæknis. Þannig geti stundum verið uppi grunur – sem vilji hundeiganda standi til að fá annað álit á. Jóna gerði grein fyrir því að notað væri staðlað eyðublað vegna skoðunarinnar. Um væri að ræða samræmt eyðublað sem notast er við á evrópska efnahagssvæðinu. Þar er gert ráð fyrir því að upplýst sé um hvort hundur hafi áður farið í skoðun og hver niðurstaða þeirrar skoðunar hafi verið.

Fulltrúi Retrieverdeildarinnar, Heiðar Sveinsson, óskaði eftir að skoðað yrði að umsýslugjaldið yrði eftir hjá skrifstofu þegar réttur væri til endurgreiðslu skráningagjalds. Sá sem skráði fengi endurgreitt að fullu og það væri allt á kostnað deildarinnar. Það kom til tals að þetta yrði skoðað með starfsmönnum skrifstofu.

Fundi slitið kl.21:30

Fundinn ritaði Herdís Hallmarsdóttir varaformaður.